

Sjávarútvegsráðstefnan

September 2010

Aukið virði sjávarfangs – Rannsóknir og þróun

Helgi Hjálmarsson
Valka ehf.

Spurningar sem reynt verður að svara í þessu erindi

- Stöndum við frammar öðrum þjóðum í veiðum og vinnslu á sjávarfangi?
- Á hvaða sviðum höfum við helst verið að bæta okkur og hvar má gera betur?
- Eru rannsóknarsjóðir, t.d. AVS og Tækniþróunarsjóður, líklegir til að geta stuðlað að framþróun í greininni og hafa verkefni undanfarinna ára verið að skila sér?
- Hversu öflugur er iðnaðurinn í kringum sjávarútveginn á Íslandi og er mikilvægt fyrir sjávarútveginn og þjóðina að hann eflist?
- Er samstarf rannsóknarstofnanna, þróunarfyrirtækja og sjávarútvegsfyrirtækja eins og best verður á kosið?

- Reynsla Völku af rannsóknarverkefnum í samvinnu við sjávarútvegsfyrirtæki
- Staða sjávarútvegs á Íslandi í dag
 - Tækifæri til að gera betur
- Staða nýsköpunar á Íslandi í dag
 - Tækifæri til að gera betur
- Staða tæknifyrirtækja tengd sjávarútvegi
 - Tækifæri til að gera betur
- Staða Háskóla og Rannsóknarstofnana
 - Tækifæri til að gera betur
- Að lokum

- Fórum 2003 í samvinnuverkefni með HB Granda um þróun innmötunar (RapidFeed) inn á lausfrysta
 - Fengum styrk frá Samstarfsvettvangi sjávarútvegs og iðnaðar
- Fórum 2005 í samvinnuverkefni með HB Granda um þróun sjálfvirkar skömmtunar (RapidWeigher) á ferskum karfa flökum og ufsa hnökkum
 - Fengum styrk frá AVS
- Höfum 2005 samstarfsverkefni með HB Granda um þróun RapidTrade sölu og pantanakerfisins
- Fórum 2006 í samvinnuverkefni með Ný-fiski og Háskólanum í Reykjavík um þróun á sjálfvirkum flokkara og raðara (RapidAligner) til flokkunar, skömmtunar og pökkunar á ferskum þorsk og ýsu flökum og flakabitum.
 - Fengum styrk frá AVS og Tækniþróunarsjóði
- Fórum 2007 í samvinnuverkefni með HB Granda í þróun á þjarkalausn til sjálfvirkar röðunar á fiskafurðum inn á lausfrysta og röðun í kassa.
 - Fengum styrk frá AVS
- Fórum 2010 í samvinnuverkefni með HB Granda, Ný-fiski og Samherja í þróun á röntgen stýrðum beinaskurði á fiskflökum
 - Fengum styrk frá AVS sjóðnum
- Höfum sótt um nokkur önnur verkefni til Rannís og AVS þar sem við höfum ekki fengið styrk

- Höfum átt mjög gott samstarf við sjávarútvegsfyrirtækin, háskólana og rannsóknarsjóðina
- Ljóst er að ef ekki hefði komið til styrkja hefðu mörg af þessum verkefnum ekki farið af stað
- Út úr verkefnunum hafa komið nýjar vörur sem auka virði sjávarfangs og eiga erindi á erlenda markaði
- Verkefnin hafa nú þegar skapað Völku umtalsverðar útflutningstekjur sem reiknað er með að muni aukast hratt á næstu árum
- Höfum ekki enn farið í verkefni með rannsóknarstofnun en reiknum með að af því verði á næstu árum

- Veiðar og vinnsla á afla er almennt til fyrirmyndar hér á landi
- Kvótakerfið hefur skapað tækifæri til mun betri meðhöndlunar í borð í skipum en var áður í sóknardagakerfi – þetta á einkum við um botnvörpuveiðar
- Ánægjuleg aukning hefur orðið í línuveiðum sem tryggir mun betra hráefni
- Það eru tilteknar brotalamir eins og:
 - Vinnsla makrils skapar ekki eins mikil verðmæti og æskilegt væri
 - Það er mjög óheppilegt fyrirkomulag að byrja á Olymískum veiðum sem síðar verður grundvöllur kvótaúthlutunar
 - Einhverjir minni bátar sem veiða í s.k. strandveiðikerfi hafa ekki sett upp þann búnað sem þarf varðandi kælingu á fiskinum
 - Sérkennilegur hringlandaháttur hefur verið varðandi kvótameðhöndlun á slægðum og óslægðum fiski
 - Bæta má nýtingu um borð í vinnsluskipum
- Ljóst er að margar þjóðir horfa til okkar sem fyrirmyndar um veiðar og vinnslu á fiski og til að varðveita og bæta þá ímynd þarf að leitast við að lagfæra brotalamir og leitast stöðugt við að gera betur

- Mikilvægt er að leitast við að tryggja að allur fiskur sem við seljum úr landi sé af góðum gæðum
- Leitast við að allar reglur séu sem einfaldastar og skýrastar
- Birta opinberlega lykiltölur sem gefa til kynna árangur varðandi gæði, nýtingu og söluverðmæti sem unnt er að nota til að greina þróun
- Kortleggja árangur okkar í veiðum, vinnslu og markaðsmálum og bera saman við árangur annara landa en mikill árangur hefur náðst á mörgum sviðum – t.d. hefur nýting í saltfiskvinnslu gjörbreyst á undanförunum tveimur til þremur áratugum

Staða nýsköpunar almennt á Íslandi*

- Erum í 3 deild – þ.e. 14 sæti af 33 þjóðum í Evrópu
- Erum að setja heilmikla peninga í rannsóknir – yfir 1% af þjóðarframleiðslunni
- Góður aðgangur á vísit að vera að lánsfé til nýsköpunar ???!!!
- Lítil hluti starfsfólks vinnur í tæknifyrirtækjum
 - Ísland (2%) – Noregur (4.3%) – Danmörk 6% - Finnland og Svíþjóð og meðaltal EU (7%)
- Lítil hluti útflutningsvara eru hátæknivörur
 - Ísland (16.7%) – Noregur (18%) – Danmörk 41% - Finnland og Svíþjóð (53%)
- Dregið hefur úr atvinnuþátttöku í tæknifyrirtækjum, þ.e. um 5% milli 2008 og 2009
- Sala afurða sem eru nýjar á markaði – 5% - hærra en víða annars staðar

* Byggir á skýrslunni: Frammistaða Íslands í nýsköpun 2009 European Innovation Scoreboard (EIS) (sjá www.rannis.is)

- Þurfum að skoða betur hvernig styrktarfé er varið
- Hætta þarf öllum sértækum styrkjum og leitast við að öllum styrkjum sé beint í skýran farveg þar sem árangur er mælanlegur
- Mæla þarf árangurinn á markvissan hátt og gera hann sýnilegan
 - Tækniþróunarsjóður gerði nýverið slíka könnun en niðurstöður eru því miður ekki enn aðgengilegar
- Gera ætti umsóknir og rannsóknargögn aðgengileg fyrir alla að tilteknum tíma liðnum
- Leitast þarf við að „umsóknartækni“ sé ekki mikilvægari en verkefnið

Staða tæknifyrirtækja sem tengjast sjávarútvegi

- Ljóst er að sjávarútvegurinn hefur skapað mikil tækifæri fyrir tæknifyrirtæki vegna stærðar sinnar og eðli iðnaðarins
- Listi yfir nokkur fyrirtæki sem hafa náð látið að sér kveða í þessum iðnaði og unnið að útflutningi á tækjabúnaði og hugbúnaði:
 - Marel
 - Póls
 - 3X stál
 - Skaginn
 - Martak
 - Marorka
 - Vélfag
 - Valka
 - Meka
 - Raf
 - Traust
 - Trackwell
 - Maritech
 - Sæplast
 - Borgarplast
 - Hampiðjan
- Ljóst er að sjávarútvegsfyrirtækin hafa hjálpað mikið til við að byggja upp þessi fyrirtæki - aðallega með því að:
 - Vera stöðugt að leitast við að gera betur og eru tilbúin til nýsköpunar
 - Eru tilbúin að opna hús sín fyrir erlendum viðskiptavinum tæknifyrirtækjanna

- Skilgreina þennan iðnað sérstaklega í stjórnkerfinu og fylgjast með árangri hans
- Sérstakur sjóður eins og AVS-sjóðurinn sem stuðlar að tækniþróun í þessum iðnaði tel ég að eigi rétt á sér en hann gæti eflaust verið rekin með öðrum sjóðum
- Útvíkka þarf markmið þess sjóðs þannig að hann er ekki aðeins að auka verðmæti sjávarfangs heldur einnig að byggja upp þennan iðnað
- Þessi ráðstefna er mjög gott skref í að kynna fyrir tæknifyrirtækjum hvaða tækifæri eru í greininni til að gera betur

- Ljóst að innan háskólanna og rannsóknarstofnananna er mikil þekking sem nýtist sjávarútveginum og tæknifyrirtækjunum vel
- Reynsla Völku af samstarfi við Háskólann í Reykjavík hefur verið frábær
- Sá orðrómur heyrir að Rannsóknarstofnanirnar taki til sín of stóran hluta styrkjanna og að erfitt sé fyrir frumkvöðla að keppa í gæði umsókna við starfsmenn slíkra stofnanna sem eru þaulvanir og geta sett mikinn tíma í gerð vandaðra umsókna
 - 2010 fá stofnanir líklega um 50% hjá AVS
 - 2009 fá stofnanir um 8% (var um 25%) Tækniþróunarsjóði
- Ánægjulegt að heyra frá stórum erlendum styrkjum sem Matís og háskólarnir hafa verið að fá nýlega

- Æskilegt að birta hvernig styrkir skiptast á milli fyrirtækja, háskóla, rannsóknarstofnana og einstaklinga - hver styrkur á þá ekki að skrást á verkefnisstjóra heldur á að sýna hvernig einstakir styrkir skiptast á milli aðilanna
- Spurning er hvort unnt sé að veita aðstoð við umsækendur sem hafa litla reynslu við gerð umsókna
- Gagnlegt væri ef þessar stofnanir eða háskólarnir ynnu í að kortleggja tengslanetið í iðnaðinum til að hjálpa mönnum með góðar hugmyndir af stað
- Huga mætti að samstarfi við Íslandsstofu varðandi markaðssetningu
- Spurning hvort stofnanir og háskólar geti leitt aðkomu tækifyrirtækjanna og sjávarútvegsfyrirtækjanna að erlendum styrkjum

- Ég þakka kærlega fyrir tækifærið að fá að halda fyrirlestur á þessari ráðstefnu sem er frábært og kærkomið framtak
- Vonandi nýtast eitthvað af þeim hugmyndum sem hér eru settar fram þeim sem koma að stefnumótun í sjávarútvegsmálum